

Utánríkisráðuneytið
Rauðarárstígur 25
105 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík 26.02.2024

Gullhúðun EES-reglna – óskað eftir ábendingum og umsögnum um tilvik þar sem gullhúðun hefur verið beitt.

Landvernd bendir á að svokölluð gullhúðun EES-reglna getur í mörgum tilvikum verið til fyrirmyndar og snúist um að uppfylla metnaðarfullri markmið en reglurnar sem innleiða skal. Slík innleiðing er líka til marks um að tekið sé mið af aðstæðum, sem sannarlega eru ólíkar milli landa.

Landvernd fagnar því sérstaklega þegar löggjafinn hefur ákveðið að gera betur í umhverfismálum en EES-reglur kveða á um í því skyni að verja náttúru og umhverfi til framtíðar okkur öllum til hagsbóta. Samtökin taka undir að þegar slíkt er gert þarf að vera skýrt hvers vegna og hvaða viðbótum er bætt við.

Landvernd minnir á að allir þeir textar sem innleiddir eru í íslensk lög hljóta að vera vel ritrýndir og gaumgæfðir frá orði til orðs, óháð því hvort þeir eiga uppruna sinn heild eða að hluta í evrópskri löggjöf eða eru alíslenskir. Þá telur Landvernd varhugavert að ganga til þess verks að afhúða regluverk þegar slík aðgerð dregur úr umhverfislegum ávinningi þess og þá sérstaklega í þeim tilvikum þar sem fullnægjandi rökstuðningur lá fyrir við samþykkt á Alþingi.

Ekkert er óeðlilegt að í tilskipunum ESB sé svigrúm til þess að ganga lengra, og gera betur. Sem dæmi má nefna reglur á sviði neytendaverndar en þær gera oft ráð fyrir því að heimilt sé að kveða á um meiri og betri neytendavernd í einstökum ríkjum heldur en þær lágmarkssamræmingarreglur sem samþykktar hafa verið fyrir ESB-ríkin í heild fela í sér. Í skýrslu Margrétar Einarsdóttur eru skoðuð 27 lagafrumvörp. Í 18 þeirra er ekki gengið lengra en kveðið er á um í Evróputilskipun. Í fjórum þeirra var það tilgreint og vel rökstutt, í þremur var það tilgreint að einhverju leyti en ekki rökstutt nægilega vel að mati skýrsluhöfundar og í tveimur taldi skýrsluhöfundur ekki ljóst hvort um auknar kröfur væri að ræða í frumvarpinu. Í þeim átta reglugerðum sem skoðaðar voru var aldrei gengið lengra en tilskipun kveður á um.

Tilfni er til að ræða um leið vinnulag Alþings og af hverju lög eru samþykkt, ef ekki er ljóst hvaða kröfur verið er að uppfylla og hver rökstuðningur er fyrir lagaákvæðum.

Landvernd telur ríka ástæðu til þess að skoða einnig samhliða hvaða regluverk frá Evrópu hefur verið innleitt með fullnægjandi hætti. Þekkt er að ESB tilskipanir hafi ekki verið innleiddar að fullu og í heild, þannig að reglurnar ná ekki því markmiði sem að er stefnt. Slíkt er áhyggjuefni og væri við hæfi að grípa til aðgerða til að fylgjast með því að



ekki sé reynt að komast undan því regluverki sem við höfum sjálf ákveðið að fylgja, með ófullnægjandi innleiðingu.

Landvernd vill hér taka dæmi um mikilvægar viðbætur sem hafa verið innleiddar á Íslandi.

Eitt dæmi um slíkt er tilskipun um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Í lögum um umhverfismat hér á landi hefur verið bætt við að meta skuli áhrif á jarðmyndanir og víðerni. Hvort tveggja er sérlega mikilvægt á Íslandi.

Í skýrslu um gullhúðun, á bls. 32, segir að betur hefði mátt gera til að skýra frá því að gengið sé lengra í innleiðingunni en þörf er á samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2014/52/ESB. Landvernd tekur undir að mikilvægt sé að skýrt komi fram hverjar viðbætur eru hverju sinni, en það er sannarlega gott að sjá þegar svigrúm er nýtt til að aðlaga lágmarksreglur sem koma annar staðar frá aðstæðum hér á landi og tryggja að þær nái sem allra best þeim markmiðum sem að er stefnt.

Í skýrslu um gullhúðun bls. 26 kemur fram að töluvert lengra hafi verið gengið við innleiðingu hringrásarlaga og að íbúar og lögaðilar þurfi að safna sérstaklega pappír og pappa, málum, plasti, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum. Var þetta rökstutt með skýrum hætti í greinargerð og mikilvægt að viðhalda þessu kerfi sem almenningur er enn að venjast og það myndi rugla almenning ef breyta ætti þessu til baka. Fyrirkomulagið er einnig til þess fallið að úrgangsstraumar eru fleiri og hreinni en þeir væru annars ef einungis er farið að lágmarkskröfum.

Eins og fram hefur komið telur Landvernd skýrsluna helst sýna fram á ástæður til að skoða hvernig vinnulagi milli ráðuneyta og Alþingis er háttað svo rökstuðningur fyrir viðbótum skili sér alltaf til þingsins. Landvernd varar við því að skafið sé utan af regluverki í umhverfismálum áður en ávinningur af settu regluverki fyrir umhverfi og náttúru sé gaumgæfilega greindur og fyrir liggi að hann sé óverulegur.

Fyrir hönd stjórnar Landverndar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir